



Starfsumhverfi Reykjavíkur og íbúa hennar árið 2035

Sviðsmyndir

Ráðgjafarsvið KPMG

—
Nóvember 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Um verkefnið	6
3	Reykjavíkurborg árið 2018	7
4	Meginstraumar og drifkraftar	10
5	Grunngerð sviðsmynda	13
6	Sviðsmyndir - Starfsumhverfi Reykjavíkurborgar árið 2035	15
7	Nýting sviðsmynda	24

Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður greininga- og sviðsmyndavinnu um mögulegt framtíðarstarfsumhverfi Reykjavík árið 2035. Sviðsmyndirnar byggja á niðurstöðum vinnufunda kjörinna fulltrúa og embættismanna Reykjavíkurborgar. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við Reykjavíkurborg.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá Reykjavíkurborg, embættismönnum og kjörnum fulltrúum. Jafnframt aflaði KPMG upplýsinga úr ýmsum opinberum gögnum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna hennar er á höndum Reykjavíkurborgar eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

Tengiliðir KPMG

Sævar Kristinsson

Senior Manager

545 6331

skristinsson@kpmg.is

Steinþór Pálsson

Partner

545 6230

steinthorpalsson@kpmg.is

Sveinbjörn I. Grímsson

Senior Associate

545 6137

sgrimsson@kpmg.is

Hvað er sviðsmyndagreining?

Sviðsmyndagreining nýtist öllum

Sviðsmyndagreining er leið til þess að horfa inn í framtíðina og sjá hvernig hún getur þróast, t.d. fyrir ákveðin fyrirtæki, atvinnugreinar, stofnanir eða sveitarfélög. Með henni eru skilgreindir hvaða drifkraftar eru líklegir til að móta framtíðina og kanna hvaða áhrif þróun þeirra mun hafa á starfsumhverfið. Í stað þess að einblína á línulega þróun út frá sögulegum staðreyndum segir sviðsmyndagreining mismunandi sögur um líklegt eða mögulegt framtíðarstarfsumhverfi.

Sviðsmyndir eru aðferðafræði sem hjálpa okkur að viðurkenna eða ögra viðteknum ályktunum um framtíðina. Ferlið við að móta sviðsmyndirnar krefst greininga á lykilmeytum og kröftum sem geta breyst og eru að breytast. Að lokum eru dregnar upp myndir eða sögur sem sýna breitt svið óvissu um framtíðina. Þessar sögur geta í framhaldinu verið notaðar til þess að máta núverandi stefnu og áætlanir við mismunandi framtíðarstarfsumhverfi.

SVIÐSMYNDIR

ÓVISSA PRÓUN ÁKVARÐANATAKA STARFSUMHVERFI FRAMTÍÐARFRÆÐI DRIFKRAFTAR ÁÆTLANAGERÐ STEFNUMÓTUN

Að skoða nútímann í gegnum framtíðina...

**Sviðsmyndir eru ekki stefna, spá
eða framreikningur.**

**Þær eru öflug aðferð til að skilja umhverfið
og skapa sameiginlegan skilning á því hvað
þarf að gera í dag til að undirbúa framtíðina.**

**Mælikvarði góðra sviðsmynda snýst ekki um það hversu
vel eða nákvæmlega efnistöð þeirra rætast í framtíðinni,
heldur hvort þær leiði til betri ákvarðana í dag**

Aðferðafræðin

Sviðsmyndir

Með sviðsmyndaverkefninu „Starfsumhverfi Reykjavíkur og íbúa hennar árið 2035“ er ætlunin að greina helstu drifkrafta og óvissupætti í starfsumhverfi Reykjavíkurborgar.

Áhersla er lögð á að öðlast skilning á mikilvægustu áhrifaþáttum samfélagsins og skapa sýn á mögulega þróun þessara þátta og áhrifa þeirra á starfsumhverfi borgarinnar með hjálp sviðsmynda.

Mikilvægur liður vinnunnar var þátttaka kjörinna fulltrúa sem og æðstu embættismanna borgarinnar. Þannig var leitast við að draga fram ólík sjónarhorn.

Frekar en að framreikna núverandi aðstæður með hefðbundnum aðferðum, hafa verið mótaðar sviðsmyndir, með aðkomu framangreinds hóps.

Aðferðafræði

Við gerð sviðsmyndanna var unnið með fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem leiðir vinnuna vegna gerðar fimm ára áætlunar borgarinnar.

Haldnir voru þrjár vinnufundir með borgarfulltrúum og sviðsstjórum borgarinnar til að greina helstu drifkrafta og áherslupætti í starfsumhverfi Reykjavíkurborgar og móta sviðsmyndir til ársins 2035.

Úrvinnslan var í höndum KPMG.

Breytingar á atvinnugreinum 2000-2017

Fjölbreytt atvinnulíf


Atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu er fjölbreytt og laðar að sér einstaklinga með margvíslega þekkingu og hæfni. Það er við hæfi þegar framtíðin er skoðuð, að rýna einnig þróunina á undanförunum árum.

Mesta fjölgun starfandi í ferðaþjónustu

Alls hefur starfandi einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað um 15.500 frá árinu 2000. Mikill vöxtur hefur verið í ákveðnum atvinnugreinum en talsverður samdráttur í öðrum.

Fjöldi starfandi í ferðaþjónustu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu hafa vaxið mest, eða samanlagt um 13.600, á sl. 17 árum. Á sama tíma hefur mest fækkun starfandi verið í fjármálastarfsemi, félagsamtökum skildum þjónustustörfum og í framleiðslu, eða samtals fækkun um 3.100.

Fjölgun starfandi á höfuðborgarsvæðinu eftir atvinnugreinum



-  Breyting á fjölda starfandi
-  Hlutfallsleg breyting á fjölda starfandi


Heimild: Hagstofa Íslands

Íbúapróun í Reykjavík 2000 - 2018

Fyrirséð fjölgun eldri borgara

Íbúum í Reykjavík hefur fjölgað um tæp 15% á milli árunna 2000 og 2018. Mest hefur fjölgunin verið í aldurshópnum 35-70 ára en sá hópur er stærstur hluti útsvarsgreiðenda. Þá hefur eldri borgurum 71 árs og eldri fækkað hlutfallslega úr 9% í 8%.

Hagstofa Íslands spáir því að fjölgun íbúa til ársins 2035 verði hlutfallslega mest í hópi eldri borgara þ.e. 71 árs og eldri og hlutfall þeirra fari úr 8% í 13%. Á sama tíma er gert ráð fyrir því að hlutfallslega muni fækka í yngstu aldurshópnum þannig að íbúum 0-34 ára fækki úr því að vera um 48% íbúa í 42%.



Heimild: Hagstofa Íslands

*Íbúafjöldi í Reykjavík á 1. ársfjórðungi


**Miðspá Hagstofunnar út frá fjölda íbúa í Reykjavík sem hlutfall af heildarfjölda íbúa árið 2018

Fjölgun innflytjenda

Innflytjendur 10% íbúa samanborið við 3% árið 2000

Innflytjendum á Íslandi hefur fjölgað mikið undanfarin ár, ekki hvað síst vegna aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli. Fjölgunin hefur að miklu leyti verið bundin við höfuðborgarsvæðið og Suðurnes en einnig staðbundið víða um land. Í Reykjavík hefur fjöldi innflytjenda fjórfaldast frá árinu 2000 og voru þeir um 10% íbúa Reykjavíkur árið 2017.

Mikil fjölgun innflytjenda hefur verið nauðsynleg til að styðja við uppbyggingu atvinnulífs í borginni en henni fylgja líka áskoranir. Innflytjendur þurfa á ýmiskonar aðstoð að halda m.a. við að aðlagast íslensku samfélagi. Börn innflytjenda þurfa í sumum tilfellum aukna aðstoð í skólum borgarinnar s.s. varðandi tungumálakennslu. Þannig þurfa stofnanir borgarinnar að bregðast við og aðlaga sig að fjölmennningarlegu samfélagi.



Heimild: Hagstofa Íslands



Meginstraumar, drifkraftar og sviðsmyndir til ársins 2035

Meginstraumar og drifkraftar Reykjavíkurborgar

Fjölmargir drifkraftar hafa áhrif á framtíðina. Þeir hreyfa við okkur og breyta starfsumhverfi okkar, stundum án þess að við áttum okkur á því. Í verkferlinu voru dregnir fram þeir drifkraftar sem voru taldir hafa mikil áhrif á þróun starfsumhverfis Reykjavíkurborgar á næstu árum.

Íbúasamsetning og innflytjendur

Hver verður fjöldi íbúa og hlutfall innflytjenda? Verður borgin í stakk búin að sinna ólíkum þörfum íbúa sinna, jafnt ungra sem og þeirra sem eldri eru og ekki hvað síst innflytjenda.

Menntamál, nýsköpun og tækniþróun

Hvernig munu menntamál þróast? Verður áhersla á nýsköpun og tækniþróun í Reykjavík eða hægir á henni?

Samgöngumál

Hvernig verður samgöngum háttað í framtíðinni? Mun einkabíllinn halda sínu eða munu hágæða almenningsamgöngur vaxa? Hvað með sjálfkeyrandi farartæki og flugvöllinn?

Sveigjanleiki samfélagsins

Framundan eru miklar breytingar í atvinnuháttum og íbúapróun. Hver verður geta samfélagsins til aðlögunar að þeim fjölmörgu breytingum sem kunna að blasa við?

Velferðarmál

Hvernig munu áherslur í velferðamálum þróast?

Atvinnulíf

Hverjar verða meginstoðir atvinnulífs í borginni í framtíðinni? Mun fjórða iðnbyltingin hafa mikil áhrif?

Lífsgæði, aðdráttarafli og ímynd höfuðborgarinnar

Fyrir hvað verður Reykjavík þekkt í framtíðinni og hvað mun laða íbúa til hennar?

Íbúða- og atvinnuhúsnæðismál

Verður jafnvægi í framboði og eftirspurn húsnæðis í borginni?

Umhverfismál

Munu umhverfismál verða ofarlega í hugum borgarbúa á komandi árum – og þá hvaða þættir helst?

Alþjóðleg þróun

Munu ríki heims reka verndarstefnu með tilheyrandi tollmúrum og hindrunum, eða verður frjálst flæði á bæði vörum og vinnuafli milli landa og heimsálfa?

Helstu drifkraftar Reykjavíkurborgar

Drifkraftar móta umhverfið

Valdir voru tveir megin drifkraftar til að ramma inn sviðsmyndirnar. Annar þeirra fjallar um sveigjanleika samfélagsins og hversu móttækilegt það er til að takast á við breytingar. Hinn snýr að alþjóðlegri þróun og hvaða áhrif hún kann að hafa á starfsumhverfi Reykjavíkur.



Samfélagið, þ.e. íbúar og stofnanir samfélagsins búa yfir aðlögunarhæfni gagnvart breytingum. Íbúar eru umburðarlyndir og sýna breytingum skilning.

Breytingar gerast hægt. Erfitt getur reynst að takast á við nýjar áskoranir. Tortryggni gætir gagnvart veigamiklum breytingum.




Togstreitu gætir í milliríkjasamskiptum. Ríkjablokkir hafa myndast ásamt tollmúrum þar sem samskipti og viðskipti eru mikil innan ríkjablokka en lítil milli þeirra. Takmarkanir eru á fólksflutningum milli landa.

Alþjóðasamfélagið er opið og tollfrelsi ríkir í viðskiptum. Veruleg samskipti og viðskipti eru milli landa. Fólki er frjálst að flytjast hvert sem er og hreyfanleiki vinnuafis er mikill.

Drifkraftar ramma inn sviðsmyndir


Fjórar ólíkar sviðsmyndir

Þegar drifkröftunum er steypst saman verða til fjórar sviðsmyndir sem lýsa starfsumhverfi Reykjavíkur út frá mismunandi þróun drifkraftanna. Hverri sviðsmynd var gefið lýsandi nafn í takt við þá þróun sem hún fjallar um.



Yfirlit sviðsmyndanna

Sviðsmyndirnar í hnotskurn:




Eyland

Samfélagið bregst hægt við breytingum og dregið hefur úr stórum útflutningsgreinum eins og ferðapjónustu. Vegna minni eftirspurnar eftir atvinnu- og íbúðarhúsnæði fást hagstæðari kjör á húsnæðismarkaði. Dregið hefur úr nýsköpun og fjölbreytni í menntun.




Ekki tilbúin

Reykjavík er fjölþjóðleg borg en breytingar á íbúasamsetningu og nýir möguleikar í útflutningsgreinum valda óróa í samfélaginu. Tíma tekur að breyta innviðum til að bregðast við breyttum aðstæðum.



Á eigin vegferð

Útflutningsgreinar einblína á afmörkuð svæði vegna takmarkaðs aðgengis að alþjóðamörkuðum. Slíkt eflir sérhæfingu og nýsköpun en gjarnan minni umsvif. Eitt sveitarfélag er á höfuðborgarsvæðinu sem veitir íbúum öfluga þjónustu. Eldri íbúar eru lengur á vinnumarkaði.



Land tækifæranna

Fyrirtæki hagnýta tækniframfarir til atvinnu- og nýsköpunar. Aukin starfsmannþörf kallar eftir fjölbreyttum hópi innflytjenda til Reykjavíkur, bæði til þess að manna sérhæfð og hefðbundin störf.

Eyland

Starfsumhverfi Reykjavíkurborgar árið 2035:

Í Reykjavík eru staðbundnar þjónustugreinar og smáiðnaður ríkjandi sem atvinnugreinar á meðan hefðbundnar útflutningsgreinar hafa dregist saman. Íbúum hefur fækkað og nægt framboð er á húsnæði.

Meðalaldur íbúa er hár og spekileki úr borginni er vaxandi. Uppbygging innviða situr á hakanum og breytingar taka langan tíma að ná fótfestu. Hagsæld íbúa hefur minnkað.

Útflutningsfyrirtækjum í Reykjavík gengur illa að koma vörum á markað erlendis nema í gegnum sérstaka milliríkjasamninga. Umtalsvert hefur dregið úr ferðapjónustu með tilheyrandi samdrætti í veitinga- og hótelferðisfermi.


Hvað kom þróuninni af stað:

Viðskiptastríð stórveldanna leiddi á endanum til loka Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Teknir voru upp miklir tollmúrar og viðskiptahindranir og stríðsátök seildust æ nær Vesturlöndum.

Kína tók við sem leiðandi stórveldi, losaði sig við dollara og bandarísk skuldabréf og færði mörg fjölþjóðafyrirtæki frá Vesturlöndum til Asíu.

Þjóðernisstefna smitaði út frá sér og ESB sagði upp EES samningum. Eftir það urðu megin viðskiptasvæði Íslands fjarlægari markaðir í Asíu. Aðlögun að óskum og kröfum nýrra viðskiptavina reyndist Íslendingum erfið.

Alþjóðleg þróun	Sveigjanleiki samfélagsins
Ríkjablokkir	Tregða



	Alþjóðleg þróun		Sveigjanleiki samfélagsins
	Ríkjablokkir	Tregða	
Íbúasamsetning	Samfélagið eldist, fólksfækkun. Færri nýbúar. Öbreyttur eftirlaunaaldur.		
Menntamál, nýsköpun og tækniþróun	Einsleit og takmörkuð tækifæri til menntunar, staðbundin nýsköpun. Vaxandi spekileki.		
Atvinnulíf	Útflutningsgreinar dragast saman. Milliríkjavíðskipti byggjast í vaxandi mæli á vöruskiptum. Dregur úr ferðaþjónustu. Þjóðleg menning og listir, orka, smáíðnaður og þjónusta.		
Samgöngumál	Hefðbundið bílasamfélag.		
Lífsgæði í höfuðborginni	Stytttri vinnuvika. Minnkandi hagsæld. Þjóðleg menning, vaxandi nægjusemi.		
Velferðarmál	Samkennd og nálægð. Álag á grunnþjónustu og erfitt fyrir borgina að uppfylla kröfur.		
Íbúða- og atvinnuhúsnæðismál	Nægt framboð og lægra verð.		
Umhverfismál	Umhverfismál ekki í forgangi.		
Ímynd Reykjavíkurborgar	Staðnað, ofvaxið sveitaborp.		

Áhrif á Reykjavíkurborg

Vegna lækkandi húsnæðisverðs og hjöðunar í atvinnumálum varð mikill samdráttur í helstu atvinnugreinum landsmanna með tilheyrandi samdrætti í tekjum af útsvari og fasteignagjöldum hjá borginni.

Skuldir borgarinnar hafa hlaðist upp vegna lægri tekna og aukins þrýstings á velferðarþjónustu og vaxandi atvinnuleysi.

Borgarlífið einkennist af þjóðlegri menningu og borgaryfirvöld leggja áherslu á að rækta nærsamfélagið til þess að vera sjálfu sér nægt.

Ekki tilbúin

Starfsumhverfi Reykjavíkurborgar árið 2035:

Tortryggni er ríkjandi gagnvart breytingum og seinangangur í ákvarðanatöku stjórnkerfisins. Fjöldi innflytjenda hefur bæst í hóp íbúa en stofnanir og innviðir borgarinnar hafa átt í erfiðleikum með að taka á móti þeim.

Frumkvöðlar í einstaka greinum hafa látið til sín taka, en spekileki er talsverður. Þrátt fyrir mikinn vilja og áhuga erlendra aðila til uppbyggingar hefur íslenska samfélagið tekið treglega í breytingar og brugðist hægt við.


Ferðapjónustan á erfitt uppdráttar vegna skorts á eflingu innviða. Þjóðerniskennd hefur látið á sér kræla samhliða fjölgun innflytjenda. Viðræður eru að hefjast um samræmdar aðgerðir meðal sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um vistvænar umbætur í samgöngukerfi.

Hvað kom þróuninni af stað:

Þróun á alþjóðavettvangi hefur snúist frá þjóðerniskennd og ríki heims stórefldu samstarf á fjölmörgum sviðum sem endurvakti mikla grósku í alþjóðaviðskiptum.

Á alþjóðavettvangi var farið í samræmdar aðgerðir á sviði umhverfismála, en íslensk stjórnvöld treystu á stóriðju við uppbyggingu atvinnulífs. Átroðningur ferðamanna á náttúru og aukinn fjöldi innflytjenda olli titringi í samfélaginu.

Alþjóðleg þróun	Sveigjanleiki samfélagsins
Opið alþjóðasamfélag	Tregða



Ekki tilbúin

	Alþjóðleg þróun		Sveigjanleiki samfélagsins
	Opið alþjóðasamfélag	Tregða	
Íbúasamsetning	20% íbúa eru innflytjendur. Menntaðir Íslendingar flytja erlendis og minna menntaðir innflytjendur setjast að.		
Menntamál, nýsköpun og tækniþróun	Menntakerfið þróast hægt. Tækniþróun róleg. Verulegur spekileki.		
Atvinnulíf	Matvælaíðnaður, stóriðja, veruleg en jafnframt viðkvæm ferðaþjónusta, (Massa-ferðaþjónusta).		
Samgöngumál	Hægfara innleiðing vistvænna farartækja. Einkabíllinn í forgangi		
Lífsgæði í höfuðborginni	Mismunandi eftir þjóðfélagshópum. Vaxandi ójöfnuður.		
Velferðarmál	Auknar kröfur og nýjar áskoranir.		
Íbúða- og atvinnuhúsnæðismál	Vaxandi eftirspurn eftir fjölbreyttu húsnæði.		
Umhverfismál	Takmörkuð umhverfisvitund.		
Ímynd Reykjavíkurborgar	Fjölbjóðleg borg. Órói vegna mikilla breytinga á íbúasamsetningu.		

Áhrif á Reykjavíkurborg

Ísland og íslenskt atvinnulíf hefur dregist aftur úr Norðurlöndunum í framleiðni og samkeppnishæfni og glímur við gamalkunnar víxlverkanir launa, verðlags og gengis.

Enginn vill missa krónuna þrátt fyrir ýmsar vangaveltur þar um. Atvinnutekjur og þar með útsvarstekjur borgarinnar vaxa hægar en útgjaldapörf sérstaklega á sviði skóla- og velferðarmála. Borgarsjóður er í talsverðum hremmingum með fjármögnun rekstrar og fjárfestinga.

Fjölbreytt íbúasamsetning blæs lífi í litríkt menningarstarf í borginni.

Á eigin vegferð

Starfsumhverfi Reykjavíkurborgar árið 2035:

Reykjavík er ekki lengur borg massatúrisma. Gróska er í þjónustugreinum eins og ferðaþjónustu sem hefur þróast í sérhæfða atvinnugrein með virðissköpun að leiðarljósi. Jafnvægi ríkir í íbúafjölda, atvinnustig er hátt og nýsköpun veruleg.

Sveitarfélög hafa verið sameinuð í stórum stíl til að bregðast við vaxandi þjónustukröfum íbúa. Þá hafa fyrirtæki á vegum borgarinnar verið sameinuð við önnur í svipuðum rekstri til að draga úr kostnaði og bæta þjónustu.

Faxaflóahafnir hafa útvíkkað starfsemi sína og reka nú allar hafnir á Suðurnesjum, í Faxaflóa og á Snæfellsnesi. Orkuveita Reykjavíkur sameinaðist Landsvirkjun í þeirri viðleitni að sameina aðgerðir gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. Deilihagkerfislausnir voru útfærðar í húsnæðis- og samgöngumálum með góðum árangri.

Hvað kom þróuninni af stað:

Nýjar ríkjablokkir tóku að myndast bæði í Evrópu og víðar. Þrátt fyrir það hefur Ísland náð miklum árangri með beinum milliríkjasamningum framhá blokkunum. Þannig hefur tekist að koma fiski á markað og öðrum afurðum nýrra greina sem byggja alfarið á innlendu hugviti.


Talað er um „íslensku leiðina“ á alþjóðlegum ráðstefnum enda „íslenska hrunið“ löngu að baki.

Alþjóðleg þróun

Sveigjanleiki samfélagsins

Ríkjablokkir

Aðlögunarhæfni



Á eigin vegferð

	Alþjóðleg þróun	Sveigjanleiki samfélagsins
	Ríkjablokkir	Aðlögunarhæfni
Íbúasamsetning	Jafnvægi í samsetningu íbúa og útsvarsgreiðenda. Stýrð fjölgun menntaðra innflytjenda utan ESB. Hærri lífeyristökualdur.	
Menntamál, nýsköpun og tækniþróun	Mikil nýsköpun, minni atgervisflótti, öflugt framboð innlendrar menntunar.	
Atvinnulíf	Nýsköpun, framleiðsla og tækniþróun. Sérhæfð ferðapjónusta og aðrar þjónustu- og hugvitsgreinar. Samdráttur hefðbundinna útflutningsgreina.	
Samgöngumál	Orkuskipti, fjölbreyttari ferðamátar og hágæða almenningssamgöngur.	
Lífsgæði í höfuðborginni	Hátt atvinnustig, höfuðborgarsvæðið eitt sveitarfélag.	
Velferðarmál	Minni þrýstingur á velferðakerfið, kostnaðarlegt hagræði í sameinuðum sveitarfélögum.	
Íbúða- og atvinnuhúsnæðismál	Aukinn þéttleiki, færri fermetrar á mann. Öflugur leigumarkaður.	
Umhverfismál	Mikil áhersla á flokkun sorps. Rík umhverfisvitund íbúa.	
Ímynd Reykjavíkurborgar	Reykjavík er dýr, spennandi og eftirsóknarverð.	

Áhrif á Reykjavíkurborg

Mikil áhersla er á hagkvæmni og tekjuaukningu á öllum sviðum, ekki aðeins í fyrirtækjum heldur líka í opinberum rekstri.

Sameinað sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu nær aukinni hagkvæmni í rekstri og stendur undir kröfum um aukna þjónustu, einkum á sviði umhverfis- og samgöngumála.

Aukinn þrýstingur er á fjárfestingar í innviðum en tekjur standa í stað milli ára og því lítið svigrúm til mikilla fjárfestinga.

Land tækifæranna

Starfsumhverfi Reykjavíkurborgar árið 2035:

Reykjavík er í alþjóðlegri sókn. Margs konar þjónusta, t.d. í umhverfis- og auðlindatengdum atvinnuvegum og ferðaþjónustu dregur til sín bæði starfsfólk og gesti. Fjölbreyttur hópur innflytjenda hefur sest að.

Uppsveifla er í atvinnustarfsemi í borginni með áherslu á hálaunastörf, t.d. í nýsköpun og tækniþróun. Útsvarstekjur og fasteignagjöld hafa hækkað jafnt og þétt samhlíða launahækkunum á vinnumarkaði og hækkandi eignaverði.

Erlend tæknifyrirtæki hafa fært starfsstöðvar til Reykjavíkur til að njóta góðs af hagstæðum aðstæðum og mannaúði.


Hvað kom þróuninni af stað:

Alþjóðlegur viðsnúningur til aukins viðskiptafrelsis þar sem tollar og viðskiptahömlur milli ríkja eru horfnar að langmestu leyti. Mikil gróska fylgdi í kjölfarið í alþjóðaviðskiptum.

Parísarsamkomulagið var sett í fulla framkvæmd víða um heim og aðgerðir til þess að sporna við hlýnun jarðar varð eitt helsta pólitíska og efnahagslega viðfangsefnið. Á Íslandi fengu umhverfismál mikinn hljómgrunn.

Íslenska krónan var aflögð á 150 ára afmæli íslenskrar seðlaútgáfu eftir mikla umræðu.

Alþjóðleg þróun	Sveigjanleiki samfélagsins
Opið alþjóðasamfélag	Aðlögunarhæfni



Land tækifæra

	Alþjóðleg þróun	Sveigjanleiki samfélagsins
	Opið alþjóðasamfélag	Aðlögunarhæfni
Íbúasamsetning og nýbúar	Fjölbreytt, mikil aðsókn innflytjenda með fjölbreyttan bakgrunn.	
Menntamál, nýsköpun og tækniþróun	Íbúar sækja sér menntun um allan heim. Nútímalegt innlent menntakerfi. Nýsköpun og listir.	
Atvinnulíf	Tæknivæddar útflutningsgreinar og mikill hraði. Aukin frumkvöðlastarfsemi. Ferðapjónusta, umhverfis- og auðlindamálefni.	
Samgöngumál	Rafknúin farartæki, sjálfkeyrandi bílar, hágæða almenningssamgöngur, deiliahagkerfi.	
Lífsgæði í höfuðborginni	Aðlaðandi umhverfi, miklir atvinnumöguleikar í umhverfisvænu landi.	
Velferðarmál	Markviss einstaklingsmiðuð þjónusta. Eldra fólk lengur á vinnumarkaði.	
Íbúða- og atvinnuhúsnæðismál	Hagkvæmar og fjölbreyttar lausnir, deiliahagkerfi	
Umhverfismál	Aukin meðvitund, ábyrgari umhverfismál, nýsköpun og sjálfbærni.	
Ímynd Reykjavíkurborgar	Umhverfisvæn heimsborg	

Áhrif á Reykjavíkurborg

Atvinnulíf í borginni er líflegt og fjölbreytt. Mikill tekjuvöxtur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gerir borgaryfirvöldum kleift að einstaklingsmiða skóla- og velferðarþjónustu.

Kröfur til opinberrar þjónustu hafa aukist til muna með tilheyrandi breytingum á stofnanakerfinu og kostnaðaraukningu.

Launakostnaður hefur hækkað og erfiðlega gengur að manna sérhæfð störf í grunnþjónustu.

Samanburður sviðsmynda

	Eyland		„Ekki tilbúin“		Á eigin vegferð		Land tækifæranna	
	Ríkjablokkir	Tregða	Opið alþjóðasamfélag	Tregða	Ríkjablokkir	Aðlögunarhæfni	Opið alþjóðasamfélag	Aðlögunarhæfni
Íbúasamsetning og nýbúar	Samfélagið eldist, fólksfækkun. Færri nýbúar. Öbreyttur eftirlaunaaldur.		20% íbúa eru innflytjendur. Menntaðir Íslendingar flytja erlendis og minna menntaðir innflytjendur setjast að.		Jafnvægi í samsetningu íbúa og útsvarsgreiðenda. Stýrð fjölgun menntaðra innflytjenda utan ESB. Hærrí lífeyristökualdur.		Fjölbreytt, mikil aðsókn innflytjenda með fjölbreyttan bakgrunn.	
Menntamál, nýsköpun og tækniþróun	Einsleit og takmörkuð tækifæri til menntunar, staðbundin nýsköpun. Vaxandi spekileki.		Menntakerfið þróast hægt. Tækniþróun róleg. Verulegur spekileki.		Mikil nýsköpun, minni atgervisflótti, öflugt framboð innlestrar menntunar.		Íbúar sækja sér menntun um allan heim. Nútímalegt innlent menntakerfi. Nýsköpun og listir.	
Atvinnulíf	Útflutningsgreinar dragast saman. Milliríkjavíðskipti byggjast í vaxandi mæli á vöruskiptum. Dregur úr ferðaþjónustu. Þjóðleg menning og listir, orka, smáíðnaður og þjónusta.		Matvælaíðnaður, stóriðja, veruleg en jafnframt viðkvæm ferðaþjónusta, (Massa-ferðaþjónusta).		Nýsköpun, framleiðsla og tækniþróun. Sérhæfð ferðaþjónusta og aðrar þjónustu- og hugvitsgreinar. Samdráttur hefðbundinna útflutningsgreina.		Tæknivæddar útflutningsgreinar og mikill hraði. Aukin frumkvöðlastarfsemi. Ferðaþjónusta, umhverfis- og auðlindamálefni.	
Samgöngumál	Hefðbundið bílasamfélag.		Hægfara innleiðing vistvænna farartækja. Einkabíllinn í forgangi		Orkuskipti, fjölbreyttari ferðamátar og hágæða almenningssamgöngur.		Rafknúin farartæki, sjálfkeyrandi bílar, hágæða almenningssamgöngur, deiliahagkerfi.	
Lífsgæði og aðráttarafli höfuðborgarinnar	Styttri vinnuvika. Minnkandi hagsæld. Þjóðleg menning, vaxandi nægjustemi.		Mismunandi eftir þjóðfélagshópum. Vaxandi ójöfnuður.		Hátt atvinnustig, höfuðborgarsvæðið eitt sveitarfélag.		Aðlaðandi umhverfi, miklir atvinnumöguleikar í umhverfisvænu landi.	
Velferðarmál	Samkennd og nálægð. Álag á grunnþjónustu og erfitt fyrir borgina að uppfylla kröfur.		Auknar kröfur og nýjar áskoranir.		Minni þrýstingur á velferðakerfið, kostnaðarlegt hagræði í sameinuðum sveitarfélögum.		Markviss einstaklingsmiðuð þjónusta. Eldra fólk lengur á vinnumarkaði.	
Íbúða- og atvinnuhúsnæðismál	Nægt framboð og lægra verð.		Vaxandi eftirspurn eftir fjölbreyttu húsnæði.		Aukinn þéttleiki, færri fermetrar á mann. Öflugur leigumarkaður.		Hagkvæmar og fjölbreyttar lausnir, deiliahagkerfi	
Umhverfismál	Umhverfismál ekki í forgangi.		Takmörkuð umhverfisvitund.		Mikil áhersla á flokkun sorps. Rík umhverfisvitund íbúa.		Aukin meðvitund, ábyrgari umhverfismál, nýsköpun og sjálfbærni.	
Ímynd Reykjavíkurborgar	Staðnað, ofvaxið sveitaþorp.		Fjölbjóðleg borg. Órói vegna mikilla breytinga á íbúasamsetningu.		Reykjavík er dýr, spennandi og eftirsóknarverð.		Umhverfisvæn heimsborg	

Nýting sviðsmynda fyrir Reykjavíkurborg

Helstu notkunarmöguleikar sviðsmynda

Sviðsmyndir nýtast stofnunum og sviðum Reykjavíkurborgar við að útvíkka sýn stjórnenda, starfsmanna og kjörinna fulltrúa og gera þeim kleift að horfa lengra fram í tímann.

Þær nýtast við alla áætlanagerð og stefnumótun í kjölfarið og í þeim verkefnum þar sem máli skiptir að taka ákvarðanir sem hafa áhrif til lengri tíma.

Sviðsmyndirnar munu nýtast stjórnendum borgarinnar og öðrum hagaðilum við ákvarðanatöku m.a. í eftirfarandi verkefnum:

1. Gerð fimm ára fjárhagsáætlunar
2. Stefnumótunar í ólíkum málaflokkum til komandi ára
3. Almenna áætlanagerð og áhættugreiningu
4. Framsetningu hugmynda gagnvart stjórnvöldum og öðrum hagaðilum



